

Umsögn yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis við breytingarfrumvörpum á kosningalögum

Yfirkjörstjórn tekur ekki efnislega afstöðu til persónukjörs en leyfir sér að benda á nokkur atriði sem varða framkvæmd kosninga og talningu, sem ekki er tekið á í frumvarpinu.

1. *Utankjörfundaratkvæðagreiðsla*

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á VIII. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna, en skv. 43. gr. er kjósanda heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags. Fulltrúar ÖSE sem voru viðstaddir síðustu alþingiskosningar töldu utankjörfundaratkvæðagreiðsluna bæði flókna og of viðamikla.

Þar sem atkvæðagreiðsla utankjörfundar hefst svo löngu fyrir kjördag er hætt á að framboðslistar séu ekki komnir fram, þ.m.t. persónukjörshluti listanna. Hingað til hafa þeir sem kjósa ekki á kjördag getað nýtt sér útstrikanir og breytingar, en þau úrræði eru felld niður í frumvarpinu. Forgangsröðun á lista verður að teljast mun flóknari framkvæmd við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, enda liggur ekki fyrir við upphaf atkvæðagreiðslunnar hverjir verða á hinum raðaða hluta framboðslistans. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á atkvæðagreiðslu utan kjörfunda í frumvarpinu, en ljóst er að fyrirkomulagið er dragbítur á kosningaframkvæmd og talningu.

Hugsanlega má fækka atkvæðum sem greidd eru utan kjörfundar með því að stytta þann tíma sem hægt er að kjósa utan hins almenna kjördags eða hafa utankjörfundaratkvæðagreiðslu rafræna.

2. *Skipulagning á kjörstöðum og í kjörfundarstofum*

Forgangsröðun á lista getur tekið langan tíma fyrir kjósanda í kjörklefa og því er hætt við að raðir myndist við kjördeildir (kjörfundarstofur) og öngþveiti verði á kjörstað. Hugsanlega þarf að bregðast við því með að gera breytingar á IX. gr. kosningalaganna. Á Akureyri þyrfti t.a.m. að fjölga í undirkjörstjórnnum úr þremur í fjórar og fjölga að sama skapi kjörklefum í hverri kjördeild um einn, þ.e. úr tveimur í þrjá, eða gera jafnvel enn stórtækari breytingar. Þær breytingar rúmast reyndar innan kafla laganna, en ábendingu er komið á framfæri að huga þarf að framkvæmd kosninga jafnt sem þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

3. *Uppgjörstalningarforrit fyrir kjörstjórnir*

Ljóst er að uppgjörsaðferð vegna persónukjörs verður mjög flókin fyrir kjörstjórnir sem getur orðið til þess að talning dragist úr hófi. Yfirkjörstjórn bendir á að því sé nauðsynlegt að dómsmálaráðuneytið hlutist til um það með góðum fyrirvara að útbúa öflugt talningarforrit fyrir kjörstjórnir.

4. *Rafrænar kosingar*

Yfirkjörstjórn bendir á að rafrænar kosningar sé möguleiki sem kanna ætti til þrautar. Tölvuvæðing er almenn í landinu og landið fámennnt, miðað við vestræn lýðræðisríki.

Akureyri, 24. ágúst 2009

f.h. yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis
Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður